

## AUGLÝSING

### um breytingu á gjaldskrá fyrir sorphirðu í Grímsnes- og Grafningshreppi.

#### 1. gr.

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps er heimilt að leggja á árlegt sorphirðugjald (sorphreinsi- og sorpeyðingargjald), sbr. samþykkt nr. 417/2000, sem innheimta skal með fasteignagjöldum.

#### 2. gr.

Gjaldskráin er eftirfarandi:	kr.
Lögbýli án íbúðarhúss	6.600
Íbúðarhús	5.500
Frístundahús (sumarhús)	3.300
Fyrirtæki	6.600

Sveitarstjórn tekur tillit til magns og flokkunar úrgangs frá fyrirtækjum og öðrum aðilum er þjónustuna nota.

#### 3. gr.

Gjaldskrá þessi, sem er samþykkt af sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps er sett samkvæmt ákvæðum 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum og sbr. samþykkt nr. 417/2000 fyrir sorphirðu í Grímsnes- og Grafningshreppi, gildir fyrir árið 2002. Frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá nr. 62/2001 fyrir sorphirðu í Grímsnes- og Grafningshreppi.

*Grímsnes- og Grafningshreppi, 24. janúar 2002.*

**Guðmundur Rúnar Svavarsson** sveitarstjóri.